

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 4. desember 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 373. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins á framangreindu frumvarpi.

Tilfni frumvarpsins er yfirferð fjármála- og efnahagsráðuneytisins á ákveðnum atriðum í skattalöggjöfnni sem talin er þörf á að samræma, einfalda og skýra til að styrkja skattframkvæmd og að auki að mæta athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) er snúa að tilteknum ákvæðum laga um tekjuskatt og laga um tryggingagjald.

Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi við efni frumvarpsins. Fjöldmörg ákvæði frumvarpsins munu án efa einfalda og styrkja skattaframkvæmd. Má þar nefna ákvæði sem heimila skiptingu hlutafélaga yfir landamæri, sem heimila flutning einstaklingsrekstrar yfir í einkahlutafélag erlendis og yfirfærslu lögheimilis eða eigna yfir landamæri og ákvæði sem heimilar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum að sameinast án skattalegra afleiðinga. Ennfremur má nefna ákvæði sem heimilar ríkisskattstjóra að ákveða að framtalsskil einstaklinga utan atvinnurekstrar skuli almennt vera með rafrænum hætti, að málsmeðferð verði rafræn eftir því sem við á, að álagningardegi einstaklinga verði flýtt um mánuð, að kærufrestur verði lengdur úr 30 dögum í 60 daga og að útgáfu skattkorta verði hætt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Árnason